

Alþingi  
Erindi nr. P 139/819  
komudagur 8.12.2010

**From:** thordur.reynisson@fjr.stjr.is [mailto:thordur.reynisson@fjr.stjr.is]

**Sent:** 8. desember 2010 13:15

**To:** Helgi Hjörvar

**Cc:** Steingrímur J. Sigfússon; marianna.jonasdottir@fjr.stjr.is; linda.gardarsdottir@fjr.stjr.is; Eiríkur Áki Eggertsson

**Subject:** Upplýsingar v. fyrirspurnar um bankaskattsfrumvarp

*Til efnahags- og skattanefndar Alþingis.*

Vegna fyrirspurnar frá formanni nefndarinnar um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki (196. mál) vill fjármálaráðuneytið koma eftirfarandi upplýsingum á framfæri:

### **1. Afnema 5.000 millj. skilyrðið**

Í frumvarpinu er miðað við að aðilar með skattstofn undir 5.000 milljónum króna verði undanþegnir skattálagningu. Þetta skilyrði gerir það að verkum að öll verðbréfafyrirtæki og minnstu sparisjóðirnir þurfa ekki að greiða þennan skatt. Rökin fyrir þessu marki eru einkum af praktískum toga, sérstaklega hvað varðar verðbréfafyrirtækin. Ólíkt skuldum annarra skattskyldra fjármálafyrirtækja skv. frumvarpinu eru skuldir verðbréfafyrirtækja fyrst og fremst rekstrarskuldir og því þykja ekki rök til að leggja þennan sérstaka skatt á þessi fyrirtæki. Ef þessi fyrirtæki verða undanþeginn skattinum, þ.e. að skatturinn taki ekki til verðbréfafyrirtækja, eru taldar líkur á því að bankar eða sparisjóðir færi hluta af skuldum sínum í verðbréfafyrirtæki í því skyni að komast hjá skattinum. Enn fremur má benda á að skattstofn flestra verðbréfafyrirtækja er mjög lágur í samanburði við önnur skattskyld fjármálafyrirtæki og verði þessi skattur lagður á þau má ætla að tekjuáhrifin yrðu óveruleg. Sömu sjónarmið gilda um minnstu sparisjóðina. Því var farin sú leið að hafa þessa aðila skattskylda en undanþiggja þá skattlagningu með umræddum hætti

Kjósi nefndin að breyta þessu undanþáguvæði leggur ráðuneytið það til að skoðað verði að lækka gólfíð niður í 2.000 milljónir kr. Með slíkri breytingu myndu sennilega allir sparisjóðir þurfa að greiða skattinn en verðbréfafyrirtækin, að undanskildu Arion verðbréfavörslu hf., myndu ekki ná upp í gólfíð.

### **2. Hafa skattstofninn eigið fé og skuldir en heimila frádrátt af eiginfjárbætti A.**

Fjármálaráðuneytið skoðaði í samstarfi við ríkisskattstjóra o.fl. hvort skattstofninn ætti að vera skuldir og eigið fé að frádragnum eiginfjárbætti A. Það er mat ráðuneytisins að heppilegra sé að fara þá leið sem lögð er til í frumvarpinu, þ.e. að leggja aðeins á skuldir en undanþiggja allt eigið fé. Er það einkum lagt til vegna ýmissa praktískra sjónarmiða. Í fyrsta lagi miðast skatturinn við skattframtal viðkomandi skattaðila og skattstjóri hefur ekki upplýsingar um skiptingu á liðnum „eigið fé“ í eiginfjárliði. Krafa um slíka uppskiptingu myndi auka kostnað og flækjustig við álagningu og eftirlit með skattinum. Einnig má benda á að í dag er lítill munur á upphæð eigin fjár og eiginfjárlutfalli A og því væri skattstofninn nánast sá sami. Fjármögnun fjármálafyrirtækja hér á landi er nú nokkuð einsleit en búast má við að það komi til með að breytast á næstu árum og getur það þá e.t.v. gefið tilefni til breytinga. Eins má benda á að meiri hætta er á einhvers konar undanbrögðum skattskyldra aðila ef frádráttarliðum verður fjölgað og flækjustig aukið. Þá hafa önnur Evrópuríki sem eru í þann mund að taka upp svipaðan skatt farið mismunandi leiðir við ákvörðun á skattstofni og frádráttarliðum. Miðað er við að lögin komi til endurskoðunar innan árs frá gildistöku þeirra og mun þetta verða skoðað sérstaklega við þá yfirferð.

### **3. Hafa skattstofninn óbreyttan en heimila engan frádrátt.**

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að skattstofninn sé heildarskuldir eins og þær koma fram á

skattframtali að frádregnum þeim hluta tryggðra innstæðna sem Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta greiðir út ef kemur til greiðsluskyldu hans. Almennt teljast tryggðar innstæður áhættuminni skuldir og nokkuð örugg leið við fjármögnun á bankastarfsemi. Einnig má benda á að verði enginn frádráttur leyfður, verður Ísland sennilega eina landið í Evrópu sem ekki heimilar þann frádrátt frá skattstofninum. Skattprósentan gæti lækkað í 0,041% sé miðað er sömu tekjur ríkissjóðs og í frumvarpinu, eða 1 ma. kr. Ef skattprósentan yrði hins vegar höfð óbreytt er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs yrðu um 1,2 ma.kr.

Ef óskað er frekari upplýsinga eða útskýringa á atriðum er varða þetta mál þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Með kveðju,

-----  
Þórður Reynisson, lögfræðingur / Legal Adviser  
Fjármálaráðuneytið, tekju- og lagaskrifstofa / Ministry of Finance